

Sveitarstjórnarfundur nr. 491

Mánudaginn 11. desember 2023, kom sveitarstjórn Grýtubakkahrepps saman til fundar á skrifstofu hreppsins að Túngötu 3 á Grenivík. Eftirtaldir sveitarstjórnarfulltrúar voru mættir; Gísli Gunnar Oddgeirsson, Þorgeir Rúnar Finnsson, Fjóla V. Stefánsdóttir, Gunnar B. Pálsson og Inga María Sigurbjörnsdóttir. Einnig sat sveitarstjóri fundinn.

Fundurinn hófst kl. 16:00.

Gjörðir fundarins voru þessar:

- 1. Fundargerðir stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga, dags. 12. nóv., 24. nóv. og 5. des. 2023.**

Fundargerðir lagðar fram.

- 2. Fundargerð stjórnar SSNE, dags. 29. nóv. 2023.**

Fundargerð lögð fram.

- 3. Fundargerð heilbrigðisnefndar Norðurl. eystra, dags. 15. nóv. 2023.**

Fundargerð lögð fram.

- 4. Fundargerð stjórnar Norðurorku, dags. 14. nóv. 2023.**

Fundargerð lögð fram.

- 5. Fundargerð 64. afgreiðslufundar SBE, dags. 1. des. 2023.**

Fundargerð lögð fram.

- 6. Fundargerð skólanefndar Tónlistarskóla Eyjafjarðar, dags. 6. des. 2023.**

Fundargerð lögð fram.

- 7. Fundargerð fræðslu- og æskulýðsnefndar, dags. 15. nóv. 2023.**

Fundargerð lögð fram.

- 8. Skipulagsmál.**

Breyting aðalskipulags.

Aðalskipulag Grýtubakkahrepps 2010-2022 - verslunar- og þjónustusvæði við Akurbakkaveg. Drög/vinnslutillaga að breytingu á aðalskipulagi vegna áforma um verslunar- og þjónustusvæði við Akurbakkaveg var kynnt í sept/okt 2023. Fresti til að gera athugasemdir við drögin lauk 12. október sl. og bárust níu ábendingar vegna málsins.

Fyrir fundinum liggur samantekt á innkomnum ábendingum og athugasemdum auk tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Grýtubakkahrepps 2010-2022, unnin af Teikna – teiknistofu arkitekta dags. 11.12.2023.

Sveitarstjórn samþykkir að auglýsa aðalskipulagstillöguna skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

- 9. Frá matvælaráðuneyti, úthlutun byggðakvóta 2023/2024, dags. 1. des. 2023.**

Með bréfi Matvælaráðuneytis dags. 1. des. 2023, er boðuð úthlutun byggðakvóta fiskveiðiárið 2023/2024 og koma 122 þorskígildistonn í hlut Grýtubakkahrepps. Jafnframt er óskað eftir sérreglum sveitarstjórna og bókar sveitarstjórn Grýtubakkahrepps eftirfarandi er varðar sérreglur við úthlutun byggðakvóta í sveitarfélaginu;

Þar sem afla Grenivíkurbáta er almennt landað annarsstaðar og ekið til vinnslu á Grenivík, samþykkir sveitarstjórn að eftirfarandi sérreglur gildi um úthlutun byggðakvóta hreppsins: 1/3 hluta kvótans skal deila jafnt milli þeirra skipa sem sækja um byggðakvóta og eiga heimahöfn í Grýtubakkahreppi.

2/3 hlutum kvótans, skal skipta í hlutfalli við úthlutað aflamark sömu skipa fiskveiðiárið 2023/2024

Að öðru leyti fer eftir reglugerð um úthlutun byggðakvóta nr. 851/2023 og lögum um stjórn fiskveiða.

10. Erindi frá SSNE, um Vetraríþróttamiðstöð Íslands, dags. 5. des. 2023, í framhaldi af fyrra erindi.

Sveitarstjórn samþykkir að taka þátt í samstarfi um áframhaldandi þróun Vetraríþróttamiðstöðvar Íslands.

11. Erindi frá Okkar heimi, myndun stýrihóps, dags. 24. nóv. 2023, í framhaldi af fyrra erindi.

Sveitarstjórn skipar Þorgeir Rúnar Finnsson sem fulltrúa í stýrihóp vegna verkefnisins.

12. Frá Veiðifélagi Fjarðarár, aðalfundarboð, haldinn 19. des. 2023.

Fjóla Valborg Stefánsdóttir fer með umboð sveitarfélagsins á fundinum.

13. Frá Akureyrarbæ, Samningur um sameiginlega barnaverndarþjónustu, síðari umræða.

Sveitarstjórn staðfestir samninginn fyrir sitt leyti og felur sveitarstjóra að undirrita hann fyrir hönd sveitarfélagsins.

14. Fjárhagsáætlun 2024 – 2027, síðari umræða.

Fjárhagsáætlun 2024 – 2027, lykiltölur:

A-hluti sveitarsjóðs:

	2024	2025	2026	2027
Rekstrartekjur	631.702	645.153	663.927	680.525
Rekstrargjöld	(596.960)	(612.392)	(627.502)	(642.506)
Fjármagnsliðir	(4.562)	(4.699)	(4.821)	(4.942)
Rekstrarniðurstaða	30.180	28.062	31.604	33.078

Samstæða A og B hluti:

	2024	2025	2026	2027
Rekstrartekjur	852.480	872.554	897.241	919.672
Rekstrargjöld	(803.506)	(824.851)	(845.152)	(865.467)
Fjármagnsliðir	(13.960)	(14.379)	(14.753)	(15.121)
Rekstrarniðurstaða	35.014	33.325	37.336	39.084

Lykiltölur úr sjóðstreymi:

	2024	2025	2026	2027
Veltufé frá rekstri	68.640	59.936	65.954	73.684
Handbært fé frá rekstri	64.149	55.657	68.716	69.472
Fjárfestingarhreyfingar	(53.600)	(38.500)	(10.000)	(11.000)
Fjármögnunarhreyfingar	(13.785)	(13.910)	(40.869)	(13.525)
Handbært fé í árslok	16.764	20.011	37.858	82.806

Aðrar lykiltölur:

Eiginfjárlutfall	58,0%	60,0%	63,6%	65,5%
Skuldaviðmið	34,6%	32,5%	26,5%	20,3%

Síðari umræðu lokið.
Sveitarstjórn samþykkir fjárhagsáætlunina.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð lesin upp og samþykkt. Fundi slitið kl. 18:48.

Fundargerð ritaði Þorgeir Rúnar Finnsson.